



Ræða um Morgunblaðið, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Morgunblaðið - Ritstjórn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tilraunastarf útgáfu dagblaðs hér á landi var gerð af Einari Benediktssyni. Hann lýsti ráðagerðum sínum um þetta í boðsbréfi dags. 29. nóvember 1895. Blaðið skyldi heita "Dagskrá" og hafa sérstaka fregnritara í Kaupmannahöfn, Englandi og Vestur-heimi, í hverju héraði Íslands og kaupstöðum. Auk fréttanna áttu viðfangsefni þess að vera ^{margtíð} ~~ymis~~leg menningar- og atvinnumál, jafnframt því, sem það myndi berjast fyrir sjálfstjórn Íslendinga. Sjálfst hóf blaðið göngu sína 1. júlí 1896, en útkoma þess varð óregluleg, og daglega kom blaðið ekki út, nema að jafnaði sumarið 1897. "Dagskrá" sjálf lifði ekki ~~nema~~ fá ár og mátti ekki kallast dagblað nema stutta hríð. Engu að síður ber þessi fyrsta tilraun dagblaðsútgáfu hér vitni um stórhug höfundar síns. Mun hennar þess vegna lengi verða minnst, og þó ekki síður vegna þess, að í "Dagskrá" birtust ýmsar af hinum bestu greinum Einars Benediktssonar um menn og málefni, auk þess sem hann barðist þar einarðlega fyrir skoðunum þeirra feðga, Benedikts, sýslumanns, Sveinssonar og sjálfs hans, í stjórnarskrármálinu. Næsta tilraun dagblaðsútgáfu var gerð nær 10 árum síðar, á árinu 1906. Þá gaf Jón Ólafsson um ársfjórðungsbil út dagblað. Skilyrði til fréttablunnar voru nú sínu betri en áður þar sem landssíminn var opnaður 29. sept. þetta ár •

Engu að síður gafst Jón Ólafsson upp við tilraun sína og segir í síðasta blaðinu svo: "Með þeim skilyrðum, sem vér höfum átt kost á að vinna við enn sem komið er virðist of snemmt en að ætla Reykjavíkurbæ dagblað". Ekki er fullreynt, fyrr en í þriðja sinni, segir máltakið, og svo fór hér. Árið 1910 hóf Einar Gunnarsson ^{dagblaðsins} útgáfu Vísis, sem enn lifir góðu lífi og er því elsta dagblað á Íslandi. Einar fór stillt af stað, taldi dagblað sitt aðeins verð "vísir til dagblaðs í Reykjavík" og nafn blaðsins af því dregið. Í inngangsorðum blaðsins er komið svo að orði: "Vísir er að þreyfa fyrir sér, hvort tiltökur ^{hér} séu ~~notar~~ að stofna dagblað. Dagblaðið þætti aðallega að vera sannort fréttablað, en var laust við að taka þátt í deilumálum". Þrátt fyrir útkomu Vísis virtist óðum vera rúm fyrir annað en öflugra fréttablað, sem kæmi daglega út. Haustið 1913 efndu þess vegna tveir ungir menn, þeir Vilhjálmur Finsen og Ólafur Björnsson til útgáfu nýs dagblaðs. Aðstandendur Vísis töldu þessu blaði stefnt gegn sér og reyndu þess vegna á síðustu stundu, að torvelða útkomu hins nýja blaðs, útgáfuhleypi blaðs, er þeir kölluðu "Dagblaðið". Það nafn höfðu tvímenningarnir valið blaði sínu. Á síðustu stundu breyttu þeir því um nafn blaðsins og kölluðu það Morgunblaðið. Kom það fyrst út hinn 1. nóvember 1913, ^{og} síðan hafa ~~þessi~~ Morgunblaðið og Vísir verið gefin út hér í bæ og þegar frá leið enn fleiri dagblöð. Stofnendur Morgunblaðsins

voru báðir á þrítugasta aldursári, þegar þeir hófu útgáfu blaðsins. Báðir voru þeir þá á léttasta skeiði, höfðu óvenju ^{alltaf} góða aðstöðu og undirbúning til slíkrar blaðaútgáfu, að öðru en því, að hvorugur hafði neina ~~fjármuni~~ fram að leggja. Vilhjálmur Finsen hafði þegar tekið að gefa sig að blaðamennsku á stúdentsárum sínum í Kaupmannahöfn. Síðan lærði hann loftskeytafræði og gerðist loftskeytamaður á stórum millilandaskipum um árabíl. Aldrei lagði hann þó blaðamenskuna svo út: "Ég hefi um tíma unnið við stórblöð í New York, Kaupmannahöfn og Kristjaníu, með það fyrir augum að reyna ~~á reyna~~ að koma hér á einhverju lítils háttar af því blaðamenskusniði, sem þar tíðkast". Ferill Vilhjálms Finsen sýndi að hann var hugmynda- ríkarí, viðförlari og meiri heimsborgari en flestir Íslendingar á þeim árum og reyndist þetta honum ekk ónýtt vegarnesti í ritstjórn sinni. Ólafur Björnsson var hagfræðingur að mennt en gjörþekkti íslensku blaðamennsku frá bernzkuárum. Hann var sonur Björns Jónssonar, ráðherra og ritstjóra Ísafoldar, fremsta og áhrifaríkasta ritstjórans frá Íslandi um sína daga. Þegar hér var komið hafði Ólafur verið ritstjóri Ísafoldar um nokkurra ára skeið, og hafði hann forráð Ísafoldarprentsmiðju. Hinu nýja blaði var þess vegna mikill styrkur að þátttöku Ólafs, þó að Vilhjálmur Finsen gerðist einn ritstjóri þess, þar sem Ólafur hélt áfram ritstjórn Ísafoldar. Inngangsorð Vilhjálms Finsen á að Morgunblaðinu hefjast á þessa leið: "Dagblað það,

sem hér byrjar starf sitt á fyrst og fremst að vera áreiðanlegt, skemmtilegt og lipurt ritað fréttablað". Síðar segir: "Stjórnmalabarátta sú, sem þjóðin hefur átt í síðasta áratug ~~inn~~ hefur tekið svo mikið rúm í blöðunum, að þeim hefur eigi verið unnt að rita um margt, hið skemmtilega og nýstárlega, sem gerst hefur innanlands og utan. En Morgunblaðið tekur engan þátt í flokkadeilum, þó það auðvitað muni gefa lesendum sínum kost ~~a~~ að kynnast fljótt og greinilega öllu því helsta, ^{er} sem gerist í lands- og bæjarmálum". Þá er enn vikið að því, að megináherzla muni vera lögð á að afla áreiðanlegra fréttu, þó að blaðið ~~hafi~~ þegar útvegað sér fréttaritara í Lundúnum, Kaupmannahöfn og Kristjaníu, og þaðan muni heimsfréttirnar koma daglega. "Gamla, fróma listin nær menntamiðstöðum heimsins, og getum vér unnið að því væri aðal tilgangsaþriði voru náð". "Fréttir hvaðanæva af landinu munu og eigi skorta í blað vort". Þá segir: "Það er ekkert stórblað, eins og sumir í skopi hafa kallað það, sem hér hleypur af stökkunum. Vér hefðum vissulega óskað þess, að bæði brot og lesmál, þegar frá byrjun hefði getað orðið sterra og fjölbreyttara en það nú er. ^{en} Það á að getað orðið stórblað, eftir íslenskum mælikvarða, þegar framlíða stundir, ef blaðið fær góðan byr".

Það átti að vísu all langt í land, að sé draumur Vilhjálms Finsen rættist, að Morgunblaði yrði stórblað á íslenskan mælikvarða. Blaðinu var raunar strax tekið vel, en skilyrðin til hárrar kaupandatölu voru lengi vel ekki fyrir hendi. Þegar blaðið hóf göngu sína var útbúata^rla Reykjavíkur ekki nema 12 þúsundir og samgöngur við aðra landshluta svo erfiðar, að ekki var við því að búast, að margir þar gerðust kaupendur dagblaðs í Reykjavík. Stórtíðindi þau, sem gerðust strax á fyrsta ári blaðsins, þegar heimsstyrjöldin fyrri hófst í ágúst 1914 juku þó mjög fréttafýsn almennings, og varð það til verulegrar kaupendafjölgunar, ekki aðeins í Reykjavík, heldur út um land, þrátt fyrir erfiðar samgöngur. Morgunblaðið hefur frá upphafi átt velgengni sína því að þakka, að það varð bezta fréttablað landsins og að landsmönnum hefur æ betur og betur skilið nauðsyn góðrar, öruggrar og skjótrar fréttapjónustu. Eins og fyrr segir var það ætlun stofnenda blaðsins, að það tæki ekki þátt í stjórnmáladeilum, heldur gætti þar fulls hlutleysis. Slíkt algert hlutleysi er flestum ofraum, því að við val fréttu og ákvörðun um, hversu mikið skuli gera úr hverri einstakri frétt, hljóta skoðanir fréttamanns og ritstjóra mjög að segja til sín.

Morgunblaðið fékk því snemma á sig nokkurn stjórnmálablæ. Þess gætti minna en ella vegna þess, að á fyrstu árum blaðsins var mikill glundroði í íslenskum stjórnmálum. Flokkaskipun var óviss og breytileg en miðaðist framan af mest við afstöðu manna í stjórnmáladeilunum við Dani. Á því varð gerbreyting með sambandslögunum 1918. Nýjar stefnur voru þó þegar áður farnar að ryðja sér til rúms. Gætti þess einkum í stofnun Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins á árinu 1916. Eftir að hin sósíalísku öfl fóru að ryðja sér þokuðust þeir, er borgaralegar skoðanir höfðu smám saman nær hver öðrum, þó að það tæki langan tíma. Og lengi logaði í þeim glæðum, er kviknað höfðu meðan á deilunni við Dani stóð. Morgunblaðið skipaði sér frá öndverðu í hina borgaralegu sveit og snérist strax á sveif með þeim, sem vildu hið fyrst létta af þeim höftum og ríkisíhlutunum, sem tekin var upp í fyrri heimsstyrjöldinni. Þegar þeir vildu efla frjálst athafnalíf í landinu, tóku markviðst að mynda samtök sín á milli var þess vegna eðlilegt að þeir hefðu hug á að tryggja sér, að Morgunblaðið yrði málsvari þeirra. Þó að á ýmsu yllti um fjárhag landsins hafði það samt þá þegar fest öruggar rætur og öðlast allmikinn kaupendafjölda. Allt varð þetta til þess, að stofn-

endur blaðsins seldu það hlutafélaginu "Árvakri" árið 1919, og eignaðist félagið þá einnig blaðið Ísafold, sem upp frá því hefur verið vikuútgáfa Morgunblaðsins. Etlunin var að Ólafur Björnsson gerðist ritstjóri ásamt Vilhjálmi Finsen, er halda átti stafi sínu áfram en Ólafur annast stjórnmaláritstjórnina. En um þessar mundir andaðist Ólafur Björnsson skyndilega langt fyrir aldur fram og varð hann mönnum að vonum mjög harmdauði. Stað hans tók Einar Arnórsson, prófessor við stjórnmaláritstjórn, blaðsins, hinn 5. nóvember 1919, en gegndi henni ekki lengur en til 31. janúar 1920, þar sem hann reyndist ómissandi frá laga-deild Háskólans. Vilhjálmur Finsen hét ritstjórn sinni á blaðinu til ársloka 1921. flutti hann af landi burt og gerðist meðritstjóri blaðsins "Tíðens tegn" og starfaði síðan lengi að blaðamennsk þar í landi, þar til er hann gekk í utanríkisþjónustu íslenska ríkisins. Á stríðsárunum síðari var hann fulltrúi íslenska "Islands" í Stokkhólmi og nú síðast fyrsti íslenski sendiherra^m í Þýskalandi. Mun nú að því komið, að hann láti af þeim störfum fyrir aldursakir og getur nú litið yfir óvenju fjölbreytta og viðburðaríka ævi. Sjálfsagt hafa ekki allir æskudraumir hans rætt. Morgunblaði á honum mikið að þakka, upphaf sitt og fóstur um mörg ár. Lengi býr að fyrstu gerð. Vilhjálmur Finsen á vissu

lega sinn þátt í því, að sá draumur hans rættist, að Morgunblaði hefur nú í mörg ár verið stórblað á íslenskan mælikvarða. Um það bil, sem Vilhjálmur Finsen hvarf frá Morgunblaðinu tók Þorsteinn Gíslason við ritstjórn þess. Hélt hann henni til 1. apríl 1924, þegar þeir Valtýr Stefánsson og Jón Kjartansson gerðust ritstjórar. Á þeim árum var hið gamla blað Þorsteins, "Lögrétta" sameinuð útgáfu Morgunblaðsins og Ísafoldar, með þeim hætti, að sama efni var í báðum blöðunum, Ísafold og Lögréttu, þannig, að áskrifendur beggja blaðanna héldust. Þorsteinn Gíslason var gamalreyndur og mikilhæfur blaðamaður, skáld og bókmenntamaður. Þegar hér var komið var hann nokkuð farinn að eldast og mun eigendum blaðsins ekki hafa þótt hann nógu harðskeyttur bardagamaður. Urðu þess vegna greinar með þeim, er lyktaði á þann veg, að Þorsteinn lét af ritstjórninni. Öreyndir menn í þeim efnum voru ráðnir til hennar. Andstæðingum Morgunblaðsins þóttu það að vonum mikill fengur er það vitnaðist, að vilskilnaður Þorsteins við blaðið var með nokkrum sárindum. Var ^{það} nokkuð að vonum, að slíkt þætti til tíðinda, ^{því sannarlega} var Þorsteinn Gíslason mikilhæfasti blaðamaður síns tíma. Fékk hann ekki aðeins góðan orðstýr ^{þat} heldur einnig í ^{sir} í blaðamannsku / bókmenntum og margs konar fyrirgreiðslu góðra mála.